

# Bókasafnið inn að kviku!

## Nordic Camps: Þriggja ára þróunarverkefni



Einar Ólafsson

Í starfsáætlun fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur 2010 segir: „Borgarbókasafn hefur ásamt almenningsbókasöfnum á öllum Norðurlöndunum fengið styrk frá Nordisk Kulturfond að upphæð 150.000 evrur til að vinna að þriggja ára þróunarverkefni Next Library. Þetta þróunarverkefni mun setja mark sitt á starfsemi safnsins næstu árin. Fyrsta þriggja daga vinnusmiðja verður í Reykjavík í lok júní.“<sup>1</sup>

### Upphafid

Heiti verkefnisins er reyndar *Nordic Camps – Network of Nordic Libraries*. Heitið *Next Library*, sem notað er í ofangreindri starfsáætlun, vísar til forsögu og upphafs verkefnisins – og raunar áframhaldandi viðtækara verkefnis á vegum bókasafnsins í Árósum. Forsagan er sú að í nóvember árið 2008 héldu borgarbókasöfnin í Árósum, Stokkhólmi og Helsinki sameiginlega ráðstefnu eða *camp*, eins og það var kallað á ensku, í Helsinki. Í framhaldi af því stóð svo Borgarbókasafnið í Árósum (Århus Kommunes Biblioteker) fyrir ráðstefnu þar í júní 2009 undir heitinu *NextLibrary: International un-conference* og voru þátttakendur þar frá ýmsum löndum.<sup>2</sup>

Upp úr því var ákveðið að fá fleiri bókasöfn á Norðurlöndum til samstarfs um verkefni þar sem unnið yrði að þróun hugmynda um almenningsbókasöfn framtíðarinnar. Til samstarfs komu auk bókasafnsins í Árósum borgarbókasöfnin í Stokkhólmi (Stockholm Stadsbibliotek), Helsinki (Helsingfors Stadsbibliotek) og Osló (Deichmanske bibliotek) og þar sem ekkert íslenskt almenningsbókasafn er af sömu stærð og þessi söfn var ákveðið að bjóða þremur söfnum héðan, Borgarbókasafni Reykjavíkur, Bókasafni Kópavogs og Amtsbókasafninu á Akureyri. Þannig komst *Nordic Camps*-verkefnið á flot en Árósbókasafnið hefur haldið *Next Library*-ráðstefnum sínum áfram og er næsta ráðstefna fyrirhuguð í júní 2013.<sup>3</sup>

### Hugmyndin

Í byrjun september 2009 var send inn umsókn til Norrænu menningargáttarinnar<sup>4</sup> um styrk til verkefnis sem kallað var á dönsku *Nordisk biblioteksnetværk* en á ensku *Network of Nordic Libraries*.<sup>5</sup> Verkefninu var lýst þannig að sjö bókasöfn á fimm Norðurlöndum ætluðu að vinna saman að hugmyndum um nýbreytni varðandi hlutverk, starf og stefnu norrænna bókasafna og þróun þeirra sem virkra menningarstofnana og lýðræðislegs rýmis í samfélaginu. Þrjár vinnusmiðjur<sup>6</sup> yrðu haldnir þar sem starfsfólk þessara sjö bókasafna kæmu saman.

Verkefnið skyldi snúa að nýbreytni og þróun á sviði stefnumótunar og meðal starfsmanna og koma upp samstarfi milli almenningsbókasafna á Norðurlöndunum. Síðan yrði þeirri stefnu, aðferðum og hugmyndum, sem upp úr þessu spryttu, miðlað áfram jafnt innan hvers lands, á norrænum vettvangi og alþjóðlegum. Gert var ráð fyrir þremur vinnu-

1. [http://www.borgarbokasafn.is/Portaldata/16/Resources/um\\_safnid/Borgarbokasafn\\_starfs\\_tlung\\_2010.pdf](http://www.borgarbokasafn.is/Portaldata/16/Resources/um_safnid/Borgarbokasafn_starfs_tlung_2010.pdf), bls. 5 (sótt 26.4.2012).

2. <http://www.nextlibrary.net/archive> (sótt 25.4.2012).

3. <http://www.nextlibrary.net> (sótt 25.4.2012)

4. <http://www.kulturkontaktord.org/lang-sv/home> (sótt 26.4.2012).

5. Umsókn um styrk, sjá <http://nordiccamps.ning.com/page/nice-to-know> undir *Nordic Culture Point Application* ([http://api.ning.com/files/\\*4CwZJz0RCsm8LP2dr1BVvUqGSHLbiw4JsPjptz268Zc-o5Qb76lTfeg6XJY\\*2XNYx7tExFlmQHH9HZ1XAq8O6\\*NSy4MSg7/Application.pdf](http://api.ning.com/files/*4CwZJz0RCsm8LP2dr1BVvUqGSHLbiw4JsPjptz268Zc-o5Qb76lTfeg6XJY*2XNYx7tExFlmQHH9HZ1XAq8O6*NSy4MSg7/Application.pdf)) (sótt 26.4.2012).

6. Orðið *camp* er notað í umsókninni bæði í ensku og dönskum texta, en hér er notað orðið vinnusmiðja eins og í tilvitnaðri starfsáætlun Borgarbókasafnsins.



Reykjavík 2010: „Bridging the physical and the virtual“

smiðjum, í Reykjavík árið 2010, Stokkhólmi 2011 og Osló 2012. Í hverri vinnusmiðju yrðu 10 þátttakendur frá hverju þátttökusafni, samtals um 70 manns.

Ástæðunni fyrir verkefninu var lýst svo: Almenningsbókasöfn á Norðurlöndunum eiga í vök að verjast á ýmsum sviðum. Dregið hefur úr fjárhagslegum stuðningi. Þörf almennings fyrir upplýsingar og aðgang að þeim breytist hratt, menningarleg starfsemi og fjölmiðlun eru í örri þróun og hnattær menningarleg áhrif fara vaxandi. Norrænar hefðir bókasafna byggjast á lýðræðislegum gildum en þessi grundvöllur þarfnast endurnýjunar í ljósi tæknilegra og samfélagslegra breytinga. Spurt er um hinn norræna þráð í norrænum almenningsbókasöfnum framtíðarinnar og hvernig þau geti styrkt hvert annað í starfi og hugmyndum til framtíðar. Samstarfsnetinu er ætlað að vinna að nýbreytni og þróun hinnar lýðræðislegu bókasafnshefðar á Norðurlöndunum og skapa sameiginlega norræna túlkun á hugmyndunum bak við bókasafnið. Í því skyni er mikilvægt að þeir starfsmenn sem að þessu koma kynnist þvert á stofnanir og lönd og þróuð verði fagleg tengsl milli stjórnenda og lykilstarfsmanna bókasafnanna.

Lögð er sérstök áhersla á mikilvægi þess að starfsmenn taki þátt í þessari þróunarvinnu sem og að hún fari fram í samstarfi bókasafna frá þessum fimm löndum.

### Samskipti og kynning

Myndaður var undirbúningshópur með fulltrúum frá öllum bókasöfnunum til að undirbúa vinnusmiðjurnar. Bókasafnið í

Árósum heldur utan um verkefnið en bókasafnið í Helsinki sér um samskiptavef (*wiki*) á netinu.<sup>7</sup> Á þessum vef eru allar upplýsingar birtar og þátttakendur geta einnig sett inn efni og haft samskipti sín á milli gegnum hann. Einnig er gert ráð fyrir að eftir hverja vinnusmiðju birtist grein um verkefnið og framgang þess í tímariti bókasafna í hverju landi fyrir sig. Verkefnið verði einnig kynnt á ráðstefnum innan hvers lands sem og á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi, þar á meðal á IFLA-þingunum í Gautaborg 2010 og Helsinki 2012.

## Nordic Camp í Reykjavík í júní 2010 - Icecamp

Dagana 21. til 22. júní 2010 komu 73 fulltrúar frá fyrrnefndum sjö bókasöfnum á Norðurlöndunum saman í Menningarmiðstöðinni í Gerðubergi í Reykjavík til fyrstu vinnusmiðju *Nordic Camps*.

Segja má að vinnusmiðjan hafi byggst á hugarflæði. Þátttakendur voru lítt undirbúnir og var það með ráðum gert til að þeir mættu með opinn huga, væru ekki búnir í einrúmi eða þröngum hópi sinna vinnufélaga að móta sér skoðanir eða festa sig í einhverjum ákveðnum hugmyndum um það sem tekið yrði fyrir. Þátttakendur ættu óhikað að hleypa út hverri þeirri hugmynd sem skyti upp í kollinum, öllum hugmyndum sem fram kæmu skyldi tekið opnum huga, *mistök eru til að læra af*. Lögð var áhersla á hópefli, að hrista hópinn saman og mynda traust innan hans.

7. <http://nordiccamps.ning.com> (sótt 25.4.2012).



Stokkhólmur 2011: „The Nordic Model of the Library Oasis“

### Viðfangsefni

Fyrir vinnusmiðjunni lágu ellefu viðfangsefni (*challenges*) til að fjalla um. Þau báru þessi nöfn á ensku, en enska er tungumál vinnusmiðjanna til þess að allar þjóðirnar sitji við sama borð:<sup>8</sup>

- Flexibility
- The prosumer
- Fabrics
- Where is the library
- Reclaiming the future
- Bridging the physical and the virtual
- Loved to death
- Visualize and seduce
- Business model
- Clustering
- Pride

Þessi viðfangsefni voru skoðuð og síðan valin sex til frekari úrvinnslu.

### Úrvinnslan

Þátttakendum var skipt í sex hópa sem tóku þessi viðfangsefni fyrir, fjölluðu um þau með opnum huga án þess að binda sig endilega við einhverjar ákveðnar niðurstöður. Vinnan fólst frekar í að þróa hugmyndirnar og spurningarnar áfram, opna leiðir frekar en loka þeim með ákveðnum niðurstöðum. Ekki var gert ráð fyrir að hóparnir skiluðu beinlínis skýrslum heldur bara stikkorðum og stuttum setningum sem sett voru fram á glærum með leikrænum eða myndrænum stuðningi.<sup>9</sup> Það sem hér fer á eftir er stutt samantekt úr glærunum:

#### 1. Flexibility eða sveigjanleiki:

- Hvernig gerum við bókasöfnin sveigjanleg?
- Efnislegt / rafrænt rými.
- Hugarfar.
- Starfsmenn / skipulag / borgararnir (almenningur).

Bókasöfn eru nauðsynleg, þau er hluti samfélagsins og samfélagið þróast stöðugt og breytist.

Bókasafnið þarf að laga sig að þörfum notendanna, jafnvel áður en þeir gera sér grein fyrir þeim sjálfir, vera sveigjanlegt og fært um að kasta sér út í stöðu nútímans, marg- og síbreytileg stofnun sem byggist ekki á einni óbreytanlegri hugmynd. Mikilvægustu þættirnir eru:

- a) Starfsfólkið, sem þarf að vera hæft og með fjölbreyttan bakgrunn, metnaðarfullt, með gott viðmót, vel skipulagt og sveigjanlegt.
- b) Samvinna, bæði út á við og inn á við.
- c) Innviðir, bæði hvað varðar húsnæði og tækjabúnað, svo sem tölvutækni.

Starfsfólkið er mikilvægast. Sveigjanlegt starfsfólk getur unnið í ósveigjanlegu umhverfi, en sveigjanlegt umhverfi er einskis virði án sveigjanlegs starfsfólks. Það þarf sterka forystu og fjölbreytt starfsfólk. Það á alltaf að vera einu skrefi á undan. Starfsskipulagið á að vera flatt, til dæmis með teymisvinnu, starfsfólkið þarf að fá tækifæri til að koma við í ýmsum deildum/útibúum safnsins og taka þátt í ákvarðanaferlinu. Tryggja þarf þátttöku notendanna og hlusta á þá, en það er alltaf starfsfólkið sem ber ábyrgðina.

2. *The prosumer*, sett saman úr *producer* og *consumer*, sem sagt **samruni framleiðanda/geranda og neytanda** eða **neytandinn sem gerandi**:

- Hvernig getum við mætt almenningi í senn sem neytendum og gerendum?
- Bæði í rafræna og efnislega bókasafninu?
- Miðlar almennings – Hefur bókasafnið hlutverki að gegna varðandi rafrænt efni sem notandinn skapar?
- Að skapa, deila með sér, endurskapa?

Bókasafn þar sem notandinn getur tjáð sig sjálfur, hitt annað fólk og verið sýnilegur, bókasafn sem er vettvangur til að deila hugmyndum, hugsunum og þekkingu, þar sem allir eiga þessa möguleika án tillits til efnahags eða tækniþekkingar. Mikilvægustu þættirnir eru:

- a) Vettvangurinn.
- b) Nýi notandinn.
- c) Bókasafnið sem aðstoðar og veitir aðstöðu (*as facilitator*).

Mikilvægast er „vettvangseldhúsið“, staðurinn til að hittast í skapandi andrúmslofti þar sem er aðstaða og hæfni. Dæmi: kvikmyndastúdíó, opinn hljóðnemi, aðstaða til dæmis til fatagerðar, skartgripagerðar, skapandi skrifa og svo framvegis. Við þurfum samvinnu um þekkingu og tæki, nýja hæfni, gott aðgengi og rúma opnunartíma, við þurfum að mennta starfsfólkið og virkja það, aðstöðu, tæki og tól. Við þurfum að vinna með hverjum þeim sem hefur þá hæfni, þekkingu og tækni sem til þarf. Menningin styrkist. Fólk eflist. Vettvangur. Lýðræði.

8. Kynningar á þessum viðfangsefnum er að finna á glærum á vefslóðinni <http://www.slideshare.net/nextlibrary/ice-camp2010web> (sótt 27.4.2012) (glæra 56 o.áfr.). Þar eru einnig upplýsingar um dagskrá, tilhögun, verklag og áherslur við úrvinnslu viðfangsefnanna (glæra 123 o.áfr.).

9. Aðgengilegt í pdf-skjölum og myndböndum á vefslóðinni <http://nordiccamps.ning.com/page/camp-2010> (sótt 25.4.2012).



### 3. *Fabrics*, sett saman úr *families* og *libraries* eða **fjölskyldan í bókasafninu.**

- Frá barnabókasafni til fjölskyldunnar í bókasafninu.
- Hvernig má færa rými og þjónustu bókasafnsins nær þörfum fjölskyldunnar?

Mikilvægustu þættirnir eru:

- a) Virkni, svo sem leikir, spurningakeppni, söguflutningur, bókaklúbbar.
- b) Rými, svo sem aðstaða til lestrar og tónlistar.
- c) Innihald, svo sem hljóðbækur, upplýsingar, persónuleg þjónusta.

Fjölskyldan er á ferðalagi, til dæmis í bíl, rútu, lest, og notar þjónustu bókasafnsins sem á ensku kallast *The library to go*. Fjölskyldan vill gera eitthvað skemmtilegt saman meðan á ferðinni stendur. Megináherslan er á virkni. Hvernig getur bókasafnið hjálpað, komið til fjölskyldunnar á ferðalaginu? Hvernig má þróa þessa þjónustu, finna samstarfsaðila og gera hugmyndina að veruleika. Hvaða samstarfsaðila? Til dæmis sérfræðinga og fyrirtæki á sviði almenningsamgangna, tölvuleikja, farsíma, upplýsingaþjónustu ferðamála, samfélagið og notendur. Hvaða hæfni? Kunnátta á sviði tækni, markaðssetningar, nýsköpunar og djörfung á sviði bókasafna.

### 4. *Where is the library* eða **hvar er bókasafnið?**

- Bókasafnið sem *mobile application* (farsímaforrit).
- Bókavörðurinn sem *mobile application*.
- Bókasafnið í borginni – borgin í bókasafninu.
- Hvaða gildi hefur bókasafnið fyrir almenning – í hvaða samhengi?
- Hvernig er hægt að ná til þeirra sem ekki nota bókasafnið?

Hvar er bókasafnið? Undir húð notandans! Mikilvægast:

- a) Frumkvæði – bókasafnið er ekki nógu virkt og bíður eftir notendunum.
- b) Auðveldur og aðlaðandi aðgangur.
- c) „Samsköpun“ (*co-creation*) með notendum og öðrum aðilum.

Mikilvægast er frumkvæðið. Finna þarf leiðir til að styrkja frumkvæðið og breyta viðhorfum bæði stjórnenda og starfsmanna. Hvernig, hvað þarf að gera? Fagleg og persónuleg markaðssetning, tengingar, skapa vettvang fyrir samsköpun, hrista upp í skipulaginu. Þetta kallar á fjölbreyttara fagfólk í bókasöfnunum, samskipti við mismunandi aðila og samstarf við notendurna, ýtir undir meiri fjölbreytni og skilvirkari notkun fjármagns og styrkir það rými samfélagsins sem ekki gengur út á viðskipti.

### 5. *Reclaiming the future* eða **að endurheimta framtíðina.**

- Hvernig hætta bókasöfnin að biða framtíðarinnar og byrja að skapa hana?
- Geta bókasöfnin mótað lýðræðislega framtíð samfélagsins?
- Endurmótun.

Hvernig skilgreinum við bókasafn framtíðarinnar? Hvaða leið er betri en að láta almenning skilgreina það fyrir okkur? Rafræn þjónusta hlýtur að verða framtíðin en samt þurfum við að hitta annað fólk. Bókasafnið verði vettvangur fyrir félagsskap og ný og óvænt tengsl, það verði skilgreint út frá þörfum notendanna og verði opið almennarými til að hittast, hafa samskipti og skapa.

- a) Bókasafn sem er drifið áfram af notendunum, þar sem þú getur skilgreint þarfir þínar. Almennur getur haft áhrif á og lagt línur fyrir form og inntak bókasafnsins. Starfsfólkið þarf að vera opið.
- b) Nýjar leiðir til samvinnu. Nota ný tengsl til að fá fleiri notendur að bókasafninu, nýta fjölbreyttari sérfræðinga og samstarfsaðila, víkka út þjónustuna. Gera bókasafnið að vettvangi fyrir aðra.
- c) Tengja fólk á forsendum þess sjálfs.

Mikilvægast er að tengja fólk. Í þessari rafrænu eyðimörk höfum við öll þörf fyrir samskipti á ýmsum vettvangi. Við þurfum félagslegt rými, bræðslupott, vettvang til að undrast, vettvang til tjáningar. Við tengjum fólk við nýja miðla og nýja tækni og færum út þjónustuna bæði í raunverulegu og rafrænu rými, tengjum fólk hvert við annað og við umheiminn. Við virkjum allt samfélagið til þátttöku og samskipta, menningarstofnanir, fyrirtæki, samtök, menntakerfi, klúbba, fræðimenn og námsmenn, notendurna. Og þetta eflir lýðræðið, skapar virkari borgara og styrkir nærsamfélagið.

### 6. *Bridging the physical and the virtual*, eða **að brúa hið ápreifanlega og hið óápreifanlega.**

- Hvernig sameinum við hið rafræna og hið efnislega?
- Hvernig verður hið ápreifanlega og hið óápreifanlega skynjað í einu?
- Hvernig þróum við nýja þjónustu sem tengir hið ápreifanlega og hið óápreifanlega?

Fjarlægjum brúna og sameinum ápreifanlega og óápreifanlega bókasafnið.

- a) „Stappa safninu saman“ (*mashing up the collection*).
- b) Gagnverkun milli hins ápreifanlega og óápreifanlega.
- c) Rétti tíminn!

Mikilvægust eru miðlunin og tengingin (*matchmaking*). Hópar, til dæmis söguhringir kvenna. Aukin virkni jafnt í hinu ápreifanlega sem hinu óápreifanlega bókasafni. Frjálst rými. Bókahillur bæði ápreifanlegar og óápreifanlegar. Færni í að deila með sér, setja fram og opinbera. „Stappa saman“ efni safnsins. Vera hluti af efni safnsins. Virkja áhugahópa, efna til viðburða. Ekki stjórna heldur aðstoða. Þjóða hópum að koma á bókasafnið á eigin forsendum, aðstoða við að tengja hópa. Veita ápreifanlegt og óápreifanlegt rými, fá fólk á bókasafnið með eigið efni, veita aðstoð og útvega tækni. Samstarfsaðilar verða áhugahópar, stutt verður við skapandi samfélög, samfélög mynduð, bókasafnið opnað.

## Nordic Camp 2 í Stokkhólmi í september 2011

Önnur vinnusmiðjan var á Skytteholm skammt utan við Stokkhólm 19. til 22. september 2011. Vegna bágrar fjárhagsstöðu íslensku bókasafnanna voru einungis sex þátttakendur frá þeim nú, fimm frá Borgarbókasafni Reykjavíkur og einn frá Amtsbókasafninu á Akureyri, en alls voru þátttakendur tæplega sjötíu.

Þessi vinnusmiðja byggðist eins og sú fyrri mjög á hugarflæði en þó var tilhögunin nokkuð önnur. Kallað var eftir hugmyndapunktum fyrirfram og var þeim safnað saman á samskiptavefinn. Þessir punktar voru misjafnlega orðmargir, sumir bara eitt orð, aðrir fleiri, og þeir sköruðust mikið en hér er reynt að taka þá saman í meginatriðum:<sup>10</sup>

- Almannaþjónusta. Lýðræði. Símenntun. Opinn aðgangur að upplýsingum og þekkingu.
- Nýbreytni í þjónustu. Erum við með úrelta starfsemi og þjónustu – hvernig skilgreinum við nútímalega þjónustu? Hvernig getum við greint þarfir og venjur notendanna, borgaranna og samfélaganna?
- Elskað eða afskipt til auðnar – bókasafn án áskorana. Hvernig má stuðla að því að starfsmenn, notendur og stjórnmalamenn krefjast þess að þjónustan samræmist þróuninni? Hvernig getum við fengið gagnrýni eða hrós frá notendunum og yfirstjórn? Hvernig getum við ögrað hefðbundum hugmyndum um bókasöfn, hvatt til umræðna og stuðlað að breytingum?
- Efla rafræna þjónustu, teygja sig lengra í hinu rafræna samfélagi. Hefðbundnir miðlar opna leiðir fyrir nýja. Hvernig getur starfsfólk bókasafnanna fylgst með tækniþróuninni, tileinkað sér hana og látið notendurna njóta hennar? Það er auðvelt að hafa rafræn samskipti með rafrænt efni. En hvernig getum við notað hið efnislega bókasafn til að gera rafræna efnið sýnilegt? Sameining hins efnislega og rafræna, hvað þýðir það?
- Bókasafnið alls staðar. Bókasafnið sem þriðji staðurinn. Bókasafnsrýmið, mismunandi skipulag, mismunandi hönnun.
- Þróa tækifæri til leikja í bókasafninu. Fjölskyldubókasafn framtíðarinnar.
- Barna- og unglingamenning. Fjölmennning, hnattvæðing, fjölbreytni. Hvernig skilgreinum við hópa, hvernig náum við til þeirra: börn, unglingar, gamalt fólk, nörðar, draumóramenn, ofvirkir...
- Hvað um þá sem eiga erfitt með að nýta sér þjónustu okkar? Ef bókasafn byggist á læsi, hvað þá um þá sem eru ólæsir eða búa við lestrarörðugleika? Í æ flóknara

samfélagi verður staða hins illlæsa sífellt veikari. Er bókasafnið ógnun við þetta fólk? Höfum við eitthvað að bjóða því og gerum við nóg til að ná til þess?

- Ný tækni. Skilvirk þjónusta. Lágmarka þann tíma sem starfsmenn og notendur nota til verka og afgreiðslu, auka hlutfall „gæðatíma“.
- Hæfni. Sveigjanlegir starfsmenn, áhugasamir, tilbúnir að taka áhættu. Starfsfólkið – teymi, virkni starfsmanna, tilraunaverkefni. Ávallt viðbúin, þar sem er vilji, þar er leið.
- Virkni og þátttaka notendanna og almennings og samskipti milli þeirra. Gagnvirkni – hvernig? Bókasafnið sem aðstaða og til aðstoðar við virkni og samskipti notendanna.
- „Crowdculture“, sveigjanlegar leiðir til samstarfs og fjármögnunar á menningarlegum verkefnum.<sup>11</sup> Samstarf við fyrirtæki, aðrar stofnanir og einstaklinga. Hins vegar: er samvinna alltaf æskileg? Getur hún ógnað sérstöðu okkar og sjálfsmynd?

Margt af þessu kom upp í vinnusmiðjunni í Reykjavík árið áður. Þannig varð Stokkhólmssmiðjan beint framhald hennar. Þátttakendur skiptu sér í níu hópa sem tóku sér eitthvað úr þessum umræðupunktum til frekari umfjöllunar og unnu úr þeim á leikrænan og myndrænan hátt sem byggðist meira á sköpunar- og leikgleði en þurri greiningarvinnu. Úrvinnsluna má sjá á samskiptasíðu verkefnisins í formi stuttra kvikmynda.<sup>12</sup>

Eins og sjá má af umfjölluninni um vinnusmiðjuna 2010 var þar talsvert lítið til þeirra tæknilegu og efnislegu breytinga, ef svo má segja, sem eru að verða á upplýsingum og bókasöfnum. Hið efnislega/áþreifanlega bókasafn andspænis hinu rafræna/óáþreifanlega. En jafnframt var sjónum beint að samfélagslegu, menningarlegu og lýðræðislegu hlutverki almenningsbókasafna bæði með tilliti til þessarar tækniþróunar og einnig samfélagslegrar þróunar almennt. Þótt þátttakendur í vinnusmiðjunni 2011 hafi nýtt sér nýjustu tækni, svo sem snjallsíma og spjaldtölvur, þá voru þeir ekki uppteknir af tækniþróuninni sem slíkri, hvorki *mobile application* né rafrókum, heldur var miklu meira fjallað um almenningsbókasafnið sem vettvang og verkfæri til lýðræðislegra og menningarlegra samskipta, upplýsingar og sköpunar, sem sagt grundvöllinn á bak við hið tæknilega yfirborð.

Haustið 2012 verður þriðja vinnusmiðjan í Osló. Þá er ætlunin að virkja þetta hugarflæði til einhvers konar stefnuskrár um bókasafn framtíðarinnar, ekki endilega allrar framtíðar, en allavega nánustu framtíðar. Og svo heldur hugarflæðið vonandi áfram um ýmsa farvegi.

10. <http://nordiccamps.ning.com/group/nordiccamp2011> (sótt 25. apríl 2012).

11. Sjá t.d. <http://www.crowdculture.se> (sótt 25.4.2012).

12. <http://nordiccamps.ning.com> (sótt 25.4.2012).